

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á deiliskipulagi Iðavalla, Vatnsleysuströnd,**  
**Sveitarfélaginu Vogum.**

Með vísan til ákvæða skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 25. janúar 2012 samþykkt breytt deiliskipulag Iðavalla, Vatnsleysuströnd. Breytingin felst í því að lóðin stækkar úr 3.300 m<sup>2</sup> í 4.800 m<sup>2</sup>, byggingareitur vinnustofu færist suður fyrir íbúðarhúsið og rétt staðsetning vatnsbóls hefur verið færð inn á breyttan deiliskipulagsuppdrátt. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði, sem öðlaðist gildi 7. maí 2010.

*Vogum, 27. janúar 2012.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2012